

Fornleifaskráning í landi Minni-Voga og Austurkots:

Deiliskráning



Sædís Gunnarsdóttir

FS313-06051
Reykjavík 2006



© Fornleifastofnun Íslands 2006
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.instarch.is
Kápumynd: Bæjarstæði Grænuborgar GK-128:021

Efni

INNGANGUR.....	4
DEILISKRÁNING OG FORNLEIFAR.....	5
FORNLEIFAKÖNNUN.....	7
Minjastaðir innan skipulagsreits.....	7
SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR	17
HEIMILDIR	19
MINJAKORT	20

Inngangur

Í marsbyrjun hafði Ómar Ívarsson hjá Landslagi ehf. samband við Fornleifastofnun Íslands. Ómar er höfundur að deiliskipulagi í landi Minni-Voga og Austurkots og óskaði hann því eftir, fyrir hönd landeiganda, að stofnunin ynni deiliskráningu innan reitsins sem er 29 ha. Tilfni rannsóknarinnar er fyrirhuguð íbúðarbyggð innan reitsins.

Fyrirliggjandi voru talsverðar heimildir um fornleifar á svæðinu vegna heimildaskráningar sem unnin var vegna breikkunar Reykjanesbrautar árið 2000. Í upphafi þess verks var gerð ítarlegri heimildarkönnun sem Sædís Gunnarsdóttir vann en hún gerði einnig eldri heimildarkönnun. Var heimildaúttekt lokið um miðjan apríl. Í kjölfarið hófst undirbúningur að vettvangsrannsókn sem unnin var 25. apríl. Sædís Gunnarsdóttir gerði vettvangsrannsókn og ritaði skýrslu þessa.

Áður en hafist var handa við vettvangsrannsókn var tekið viðtal við Ásu Árnadóttur, ábúanda í Austurkoti. Hún er þar fædd og uppalin og hefur búið á bænum síðustu 20 árin. Einnig var rætt við Þorvald Örn Árnason og eru báðum heimildamönnum hér með færðar m kærar þakkir fyrir aðstoðina.

.

Deiliskráning og fornleifar

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein Þjóðminjalaga (nr. 107/2001, sbr. lög með síðari breytingum), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: “Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins” Auk Þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Er fornleifakönnunin sem þessi skýrsla byggir á unnin í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið með hinni nýju löggjöf.

Mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda skv. nýju skipulagi gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í Þjóðminjalögum (9. gr.) víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja, 100 ára eða eldri, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á. Í lögunum eru gefin allnokkur dæmi, svo sem byggðaleifar, bæjarstæði, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum; einnig vinnustaðir þar sem aflað var fanga, sel, verstöðvar, ból, mógrafir, kolagrafir, gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, gamlir vegir, stíflur, brýr, vöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra; varnarmannvirki; þingstaðir, hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð; áletranir, greftrunarstaðir og skipsflök.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll forn mannvirki í heldur einnig staðir sem á einn eða annan tengjast menningu og atvinnuvegum. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við umhverfismatið, á sama hátt og gert er við almenna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Fornleifaverndar ríkisins. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Algengt er að staðir komi í ljós við vettvangsrannsókn, en ekki fullljóst hvort um fornleifar er að ræða eða ekki. Eru þeir látnir njóta vafans og færðir á fornleifaskrá, enda mjög óheppilegt ef minjar finnast við jarðrask í upphafi framkvæmda. Veldur það töfum og

kostnaði fyrir framkvæmdaaðila auk þess sem minjastaðir spillast og aðilar fornleifavörslu eru knúnir til að gera skyndirannsókn og jafnvel hefja stórfelldan björgunaruppgröft með skömmum fyrirvara.

Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun eru fornleifar þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd verði engin hætta á að minjar finnist þar við jarðrask.

Fornleifakönnun

Austurkot er byggt úr landi Minni-Voga á árunum 1847-1881. Við skráningu þessa, sem og aðrar skráningu hjá Fornleifastofnun Íslands, er fylgt jarðatali frá 1847 (Jarðatal Johnsens) og því eru allar þær fornleifar sem þekktar eru í land Austkots og Minni-Voga skráðar saman undir jörðinni Minni-Vogum (GK-128). Í landi Minni-Voga voru þekktir um 40 minjastaðir, en flestir þeirra eru í eða við heimatún og því talsvert fjarri deiliskipulagsreitnum. Eftir viðtöl við heimildarmenn komu í ljós upplýsingar um 12 fornleifar innan skipulagsreits. Eftir göngur um svæðið bættust nokkrir minjastaðir við og reyndust að lokum 16 minjastaðir sem falla undir almenna skilgreiningu þjóðminjalaga um fornleifar innan reitsins. Hér að neðan fylgir umfjöllun um þessa staði.

Minjastaðir innan skipulagsreits

GK-128:009 *Verbúðin* heimild um verbúð

63°59.275N 22°23.271V

"Og frá þeim Ós eiga Minni-Vogar fjörur suður að gömlum lendingarstað, er kallast Búðavör," segir í örnefnaskrá. Á öðrum stað segir: "Hér tala við Austurkotsfjörur allt um Búðarvör eða Lendingarstaðinn gamla. Þar upp af var Búðin eða Verbúðin en austan til við Mýrarhús var Búðartjörnin." segir í örnefnaskrá. Að sögn heimildarmanns, Ásu Árnadóttur, voru sjóbúðir og útgerðarminjar vestan og norðan við Búðartjörn. Allar minjar vestan tjarnarinnar hafa verið eyðilagðar með háum sjóvarnargarði en engar minjar voru sjáanlega sunnan tjarnar, verbúðirnar voru um 90 metra norðvestur af Mýrarhúsum 010.

Vestan tjarnar er sjóvarnargarður, en norðan Búðartjarnar eru mjög blautt mýrlendi og ef þar hafa verið byggingar hafa þær sennilega horfið.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Vogar, 4, 12

GK-128:010 *Mýrarhús* bæjarstaði bústaður

63°59.201N 22°23.261V

"Frá Eystraskarðshorni liggur Grjótgarður í norður meðfram Mýrinni skammt fyrir norðan Mýrarhúsatóftir og beygir garður þar til suð-austurs og liggur alla leið að mörkum Austurkots og Minni-Voga..." segir í örnefnaskrá. Í henni segir ennfremur: "Mýrarhús þar er búið nú, þurabúð." Mýrarhúsa er einnig getið í bókinni Mannlíf og mannvirki. Þar segir "Mýrarhús er norður af Minni-Vogum á landi þeirra. Húsið byggði Hinrik A. Hansen árið 1885." Það var eitt af fyrstu húsum í hreppnum til að vera byggt úr steinhleðslu og bundið saman með sementsteypu. 1987 var húsið enn uppistandandi og notað sem hesthús. Mýrarhús voru m 90 metra suður af meintri verbúð 009. Þau eru á mörkum deiliskráningarreits sem nú er skipulagður, á milli nyrstu húsa við Marargötu eða rétt norður af þeim. Grjótgarðurinn sem nefndur er í lýsingu sést enn að hluta til norðaustan byggðarinnar Í Vogum en hverfur beint norður af nyrstu húsum við Marargötu. Á þessu svæði eru nú hús og garðar og engin merki um Mýrarhús eru sjáanleg.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda


Heimildir: Ö-Vogar, 3, 7; GJ: Mannlíf og mannvirki, 118

GK-128:020 *Hólkot* bæjarstaði býli

63°59.448N 22°23.320V

"Grænaborg [021] var byggð árið 1881 á landi Minni-Voga að 2/3 hluta og Austurkots 1/3 hluta. Húsið byggði Ari Egilsson frá Austurkoti og bróðir Klemensar í Minni-Vogum. ... Þarna hafði verið bær er Hólkot hét, en hann brann, og eru litlar sagnir til um þann bæ. Grænaborg hefur varla verið byggð á sama stað og Hólkot, því sagnir voru til um að á þessum stað ætti hús að brenna þrisvar. Grunar mig að Ari, sem þekkti þessa sögu, hafi flutt til hússtæðið, enda nefnir hann það ekki Hólkot, heldur Grænuborg," segir í Mannlífum og mannvirkjum í Vatnsleysustrandarhreppi. Ekki ljóst hvort þetta er á sama stað og byggingar skráðar innan túnstæðir Grænuborgar en hér er gengið út frá því að svo sé. Túnið í Grænuborg er nokkuð gróið, sérstaklega að vestanverðu við ströndina. Nokkrar hæðir eru þó eru nokkrar í túninu, hæst er það er austanverðu rétt vestan við túngarðinn í Grænuborg 021. Nokkuð hraun og grjót í túninu.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



GK-128:021 Grænaborg tóftir+garðlag býli



GK-128:021, tóft A. Mynd tekin til norðausturs

63°59.448N 22°23.320V

"Ennfremur fylgir Austurkoti og Minni-Vogum eyðibýlið Grænaborg umgirt grjótgördum." segir í örnefnaskrá. Þar segir ennfremur: "Og svo er Grænaborg, þar býr Baldvin Oddsson." Frá Búðinni [009] lá einnig Grænuborgarkampur alla leið að Vesturtúngarði [021x-y] og bak við Kampinn Grænuborgarstígur [022] allt heim í Vesturhlið á Grænuborgar túngarði [021x-y], sem er grjótgarður vestan og sunnan túnsins. Grænaborg stendur á Bæjarhólnum ... Austan Grænuborgarhúss í Grænuborgartúni er Grænuborgarbrunnur [021L] og Brunnngatan þaðan og heim til húss. ... Sjávargatan liggur heiman að niður á Kampinn, en þar er Grænuborgarnaust [021S] og Grænuborgarvör [021T]. ... Þar sem Sjóvarnargarðurinn og

Suðurtúngarðurinn komu saman var Grænuborgartúngaröðshlið Eystra." Bæjarhóllinn í Grænuborg er um 650 metra norður af Austurkoti 027.



GK-128:021, tóft C, mynd tekin til austurs



GK-128:021, tóft E, mynd tekin til norðvesturs



GK-128:021, tóft J, mynd tekin til suðurs

Túnið í Grænuborg er nokkuð gróíð, sérstaklega að vestanverðu við ströndina. Nokkrar hæðir eru þó eru nokkrar í túninu, hæst er það er austanverðu rétt vestan við túngarðinn, 021 x-y . Nokkuð hraun og grjót í túninu.

Grænuborg var byggð árið 1881 á landi Minni-Voga að 2/3 hluta og Austurkots 1/3 hluta. Húsið byggði Ari Egilsson frá Austurkoti og bróðir Klemensar í Minni-Vogum. ... Þarna hafði verið bær er Hólkot [020] hét, en hann brann, og eru litlar sagnir til um þann bæ. Grænuborg hefur varla verið byggð á sama stað og Hólkot, því sagnir voru til um að á þessum stað ætti hús að brenna þrisvar. Grunar mig að Ari, sem þekkti þessa sögu, hafi flutt til hússtæðið, enda nefnir hann það ekki Hólkot, heldur Grænuborg. Ari lét byggja húsið úr hlöðnu grjóti og bundnu sem sementsteypu. ... stutt var dvölin í þessu vandaða nýja húsi, því það brann vorið 1883 þá tveggja ára gamalt ... Grænuborgartóftin stóð opin í 35 ár, eða til ársins 1916, að Benjamín Halldórsson og kona hans Þuríður Hallgrímsdóttir frá Austurkoti, síðar í Stóra-Knarrarnesi 2, fengu leyfi Klemensar í Minni-Vogum til að byggja upp Grænuborg ... Hann byggði upp húsið, fór í útgerð og tapaði öllu sínu og flutti eftir það að Stóra-Knarrarnesi 2. Eftir nokkur ár, eða um 1922, fluttu að Grænuborg fjölskylda frá Eyrarkoti, sem áður er sagt frá ... Vormur lét endurbæta Grænuborg árið 1932", segir í Mannlífum og mannvirkjum í Vatnsleysustrandarhreppi.

Hér verður öllum minjunum í túnstæði Grænuborgar lýst, og notaðir bókstafir til aðgreiningar. Minjasvæðið heild er um 140-165 m á ummáli. A er garðlag og tóft. Nyrst er 20 m langur grjóthlaðinn garður um 1 m breiður og mest 1,1 m á hæð. Hann hefur verið hlaðinn með steypu á milli og því hafa hleðslurnar haldist vel. Í suðurenda garðsins er tvískipt útihúsatóft, sem snýr vestur-austur. Hún er 8x9 m stór. Hólf tóftarinnar eru misstór. Að sunnanverðu er minna hólfið en ekki er greinilegur vesturveggur á hólfinu og kann að hafa verið timburþil þar. Norðan við það er stærra hólfið. Ekkert op er sjáanlegt á því nú. Austurveggur tóftarinnar er jafn hár grjótgarðinum sem getið var um í upphafi (eða 1,1-1,2 m á hæð). Um 20 m suður af tóft A er önnur tvískipt útihústóft B. Ekki er sýnilegt hleðslugrjót í henni. Hún snýr austur-vestur. Að vestanverðu er aflangt hólf en ekki er greinilegur vesturveggur þess og líklega hefur verið timburþil þar. Austantil er hringlaga hólf, og er op á suðurvegg. Stærð tóftarinnar er alls 14x10 m og er hleðsluhæð mest 0,4 m. Um 15 m suðvestur af tóft B er tóft C. Þar leynast tvennskona mannvistarleifar, annarsvegar steypur grunnur sem snýr norður-suður og er 15x5 m að utanmáli. Um hann miðjan eru leifar af millivegg. Inn í nyrðra hólfinu eru leifar af sperrum og torfi sem bendir til

Þess að þar hafi staðið bygging úr blönduðu efni. Ekkert slíkt hrun er að finna í syðri hluta tóftarinnar. Við suðausturenda grunnsins er tvískipt, hlaðin tóft úr torfi og grjóti. Snýr hún í austur-vestur og þrengist til austurs og opnast þar til austurs líkt og þar hafi verið lítil bæjargöng. Stærri hólfið er 10x7 m að utanmáli og er hleðsluhæð mest um 1,2 m. Við opið eru merki um steypuleifar á milli hleðslnanna. Við norðausturenda stærra hólfsins er minna hól og er op austast á norðurveggnum. Það er um 5x5 m stórt og hleðsluhæð um 0,3 m. Um 10 m austur af tóft B eru leifar af steypu mannvirki Þ, sem er um 5x5 m að utanmáli en opið til austurs. Um 35 m SSA af húsarúst Þ er grjóthrúga, um 2x2 m stór en um 1,5 m há. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi grjót var sett saman á þessum stað. Um 35 metra norðvestur af tóft C eru leifar af bæjarhól H. Hann er um 15x10 m að ummáli en síðasta húsið á honum brann og var rífið fyrir fáum árum. Um 5 m suður af bæjarhól er lítil grjóthlaðin tóft E sem hefur verið hlaðin inn í bæjarhólinn sunnanverðan. Tóftin er U-laga, snýr norður-suður og er opin til suðurs. Tóftin er 4x4 m að utanmáli og eru hleðslurnar um 0,5 m háar, mest 3 umför. 5 m suður af tóftinni var brunnur L. Búið er að byrgja hann með tréhlera en engin merki sáust um brunngötuna sem nefnd er í örnefnalýsingunni.



GK-128:021, túngarður x-y mynd tekin til suðurs

Um 15 m suðvestur af brunnum eru leifar af garðlagi F. Garðurinn liggur fyrst í um 25 m til norðurs og sveigir síðan til austurs að bæjarhólnum og liggur svo áfram til norðurs um 15 m utan í bæjarhólnum. Þar sem garðurinn sveigir til austurs eru ógreinilegar þúfur sem gætu verið leifar af mannvirki G og sama má segja við norðurenda garðsins er þar eru ógreinileg þúst D. Um 50-60 m norðaustur af bæjarhólnum taldi Ása Árnadóttir, heimildarmaður, að Græuborgarnaust og Græuborgarvör hafi verið sjá S og T. Engin merki sáust um naustið og vörina, leitað var að líklegum lendingarstað og vörin staðsett þar sem var lítið vik í fjörunni. Um 25 m norðvestur af tóft A er útihúsatóft J. Hún er einföld og snýr norður-suður, er um 7x7 m stór og op á norðurvegg. Grjóthleðslur eru greinilegar í hólfinu innanverðu, mest 2-3 umför. Hleðsluhæð mest 0,4 m. Um 30 m norðaustur af tóft A er ólöguleg hrúga af hleðslugrjóti O. Í framhaldi af hrúgunni er um 17 m langt garðlag úr grjóti, um 2 m breitt en hæð þess er aðeins um 0,2 m og strax suður af því er önnur ólöguleg grjóthrúga M. Í henni eru leifar af bárujárn. Allt er þetta grjót ágætis hleðslugrjót og eru það mosavaxið og gæti komið úr eldri byggingum á svæðinu, hvort sem væri túngörðum eða útihúsum. Um 5 m vestur af M eru leifar gerðis, líklega kálgarðs R. Þar hefur verið stungið niður um 12x10 m stórt gerði. Engar hleðslur eru sjáanlegar í gerðinu nema um miðjan norðurvegg en þar er ógreinileg grjóthrúga full af bárujárn. Um 20 m

austur af grjóthrúgu M eru leifar af túngarði (X og Y) Garðurinn hefur verið grjóthlaðinn, um 1,5 m á breidd en er að mestu hrunin og engar hleðslur heillegar. Á ljósmynd af bæjarrústinni í Græuborg, sem tekin var áður en húsið var rífið, má sjá grjótgarð umhverfis bæjarhólinn sem ekki er lengur greinilegur og ef til vill er eitthvað af þeim grjóthrugum sem hér hefur verið lýst hleðslugrjót úr túngarðinum og öðrum görðum sem safnað hafi verið saman á nokkrum stöðum í túninu. Minjarnar í Græuborg eru enn mikilvægari vegna þeirrar byggingaraðferðar sem þar er notuð, það er að hlaða vegg með steypu á milli. Notkun þess er ekki orðin almenn upp úr 1880 og ábúendur í Græuborg því nokkurn konar frumkvölar á þessu sviði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Vogar, 3, 7, 12-13; GJ: Mannlíf og mannvirki, 120

GK-128:022 Græuborgarstígur vegur leið

63°59.389N 22°23.254V

"Frá Búðinni [009] lá einnig Græuborgarkampur alla leið að Vesturtúngarði [021x-y] og bak við Kampinn Græuborgarstígur allt heim í Vesturhlið á Græuborgar túngarði, sem er grjótgarður vestan og sunnan túnsins. Græuborg stendur á Bæjarhólnum ..." segir í örnefnaskrá. Frá bæjarstæði Græuborgar sést greinilegur slóði til suðausturs meðfram sjónum, alla leið að þéttbýlinu í Vogum. Slóðinn hefur verið ekinn af bílum síðustu ár en líklega hefur Græuborgarstígur verið á svipuðum slóðum og vegaslóðinn er nú.

Vegurinn liggur að mestu á mörgum fjörunnar og gróinnar slétu austur af fjörunni.

Ekki upphlaðinn vegur, aðeins troðinn vegaslóði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Vogar, 12

GK-128:028 Vatnsskersbúðir örnefni verbúð

63°59.512N 22°25.110V

"Yst í Djúpaós er Dýpstíós. Nokkru innar er Vatnasker, þar upp af er Vatnsskersbúðir og Vatnsskersbúðarvör [031]. Einnig Djúpavogsvör [030]." segir í örnefnaskrá. Staðsetning minja númer 028-032 er óljós enda hafa deilur verið innan sveitarfélagsins um staðsetningu þessara örnefna. Heimildarmaður, Ása Árnadóttir, kannaðist ekki við þessi örnefni gat þó aðstoð við að staðsetja örnefnin gróflega út frá staðsetningu annarra þekktra örnefna

Vatnsskersbúðir eru hér staðsettar um 25 m suðvestur af Vatnsskersbúðavör 031. Grýtt og víðfeðm fjara er á þessum slóðum og engin merki sjást um verbúð

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Vogar, 13

GK-128:029 heimild um herslubyrgi

63°59.532N 22°23.063V

"Fjörumörk Minni-Voga byrja við gamalt Byrgi á Vatnsskeri í Djúpavog ..." segir í örnefnaskrá. Staðsetning minja númer 028-032 er óljós enda hafa deilur verið innan sveitarfélagsins um staðsetningu þessara örnefna. Heimildarmaður, Ása Árnadóttir, kannaðist ekki við þessi örnefni gat þó aðstoð við að staðsetja örnefnin gróflega út frá staðsetningu annarra þekktra örnefna. Herslubyrgið var líklega um 20 m VSV af Djúpavogsvör 030.

Grýtt og víðfeðm fjara er á þessum slóðum og engin merki sjást um herslubyrgi

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Vogar, 4

GK-128:030 Djúpavogsvör heimild um lendingu

63°59.535N 22°23.039V

"Yst í Djúpaós er Dýpstíós. Nokkru innar er Vatnasker, þar upp af er Vatnsskersbúðir [028] og Vatnsskersbúðarvör [031]. Einnig Djúpavogsvör." segir í örnefnaskrá. Staðsetning minja númer 028-032 er óljós enda hafa deilur verið innan sveitarfélagsins um staðsetningu þessara örnefna. Heimildarmaður, Ása Árnadóttir, kannaðist ekki við þessi örnefni gat þó aðstoð við að staðsetja örnefnin gróflega út frá staðsetningu annarra þekktra örnefna. Djúpavogsvör var líklega um 20 m ANA af hinu meinta herslubyrgi 029

Grýtt og víðfeðm fjara er á þessum slóðum og engin skýr merki greinileg um það hvar lendingin var.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Vogar, 13

GK-128:031 Vatnsskersbúðarvör heimild um lendingu


63°59.518N 22°23.087V

"Yst í Djúpaós er Dýpstíós. Nokkru innar er Vatnasker, þar upp af er Vatnsskersbúðir [028] og Vatnsskersbúðarvör. Einnig Djúpavogsvör [030]." segir í örnefnaskrá. Staðsetning minja númer 028-032 er óljós. Staðsetning minja númer 028-032 er óljós enda hafa deilur verið innan sveitarfélagsins um staðsetningu þessara örnefna. Heimildarmaður, Ása Árnadóttir, kannaðist ekki við þessi örnefni gat þó aðstoð við að staðsetja örnefnin gróflega út frá staðsetningu annarra þekktra örnefna. Vatnsskersbúðavör var líklega um 35 m suðvestur af Vatnsskersbúðum 029.

Grýtt og víðfeðm fjara er á þessum slóðum og engin skýr merki greinileg um það hvar lendingin var.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Vogar, 13



GK-128:033, réttar hleðsla



GK-128:033, rétt, mynd tekin til austurs

GK-128:033 Græuborgarrétt hleðsla rétt

63°59.401N 22°23.077V

"Ofan eða sunnan Suðurtúngaröðs [021x-y] var Græuborgarrétt. Var hún Vorrétt þeirra Vogamanna." segir í örnefnaskrá. Réttin er um 70 m norðvestur af vörðu 038.

Réttin sem er hlaðin utan í nokkuð háan hól, stendur í gróinni kvos umkringd grýttum hólkollum.

Réttin er 15 x 11 m að stærð og er grjóthlaðin. Hún er aflöng, snýr norður-suður og skipist í þrjú hólf. Um miðjan vesturvegg hleðslunnar er lítið hólf, um 2x2 mað utanmáli. Út frá því er hleðsla sem skiptir réttinni í tvennt. Op er í norðvesturhorni réttarinnar. Frá opinu liggur um 10 m hlaðinn grjótgarður sem sveigir fyrst til VNV en síðan til vestur og hefur líklega verið byggður til að auðvelda innrekstur í réttina. Hleðsluhæð réttarinnar er mest um 0,6 m og í veggjum sjást 4-5 umför af grjóti.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Vogar, 13

GK-128:038 varða óþekkt 63°59.386N 22°23.004V

Um 70 m suðaustur af Grænuborgarrétt 033 er há og nýleg varða uppi á hæð. Varðan stendur uppi á berangurslegri hæð.

Varðan er um 2 m á hæð og um 1 m á kant að neðanverðu. Hún er ferhynd neðst en mjókkað aðeins upp í toppinn. Lítill mosi í hleðslugrjótinu.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



GK128:038, varða. Mynd tekin til austurs



GK128:039, varða. Mynd tekin til austurs

GK-128:039 varða óþekkt

63°59.356N 22°22.932V

Um 250 m SSA af vörðu 038 er önnur nýleg varða. Varðan stendur á lágu grónu hraunholti

Varðan er nýleg, lítill mosi í hleðslum. Er hún um 1,2 m á hæð, hún er ferhynd og er 1 m í ummál.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda


GK-128:040 tóft+garðlag kálgarður

63°59.241N 22°23.043V

Um 100 m VSV af vörðu 039 er gerði, leifar af kálgarði. Það var, að sögn Ásu Árnadóttur, heimildarmanns, frá Austurkoti. Í suðausturhorni kálgarðsins eru leifar af hæsnakofa.

Gerðið er byggt utan í hraunholt á þýfðum en þurrum móa. Í suðausturhorninu vex lítill runni.

Garðurinn er 28x20 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hleðsluhæð er mest 0,3 m. Grjót sést í hleðslum að utanverðu (mest 2-3 umför) en aðeins eru torfhleðslur greinilegan að innanverðu. Op er á garðinum sunnarlega á austurhlið. Við opið, innan í garðinum, er lítill tvískipt tóft í suðausturhorni gerðisins, í heild er hún um 5x3 metrar að ummáli. Innst í horninu er hringlaga, torfhlaðið hólf, um 1,5



GK-128:040, kálgarður og hæsnakofi

x 1,5 m að innanmáli. Fast norðan við það er grjóthlaðið hólf 2x2 m að innanmáli, en það opnast til norðurs inn í kálgarðinn. Hleðsluhæð er mest 9 m,3 metrar, 2-3 umför af hleðslugrjóti. Tóftin var hænsnakofi að sögn heimildarmanns

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



GK128:040, kálgarður og hænsnakofatóft.
Mynd tekin til norðvesturs

GK-128:041 Búðavör heimild um lendingu
6359.261N 2223.314V

"Og frá þeim Ós eiga Minni-Vogar fjörur suður að gömlum lendingarstað, er kallast Búðavör." segir í örnefnaskrá. Þar segir enn fremur: "Hér tala við Austurkotsfjörur allt um Búðarvör eða Lendingarstaðinn gamla. Þar upp af var Búðin eða Verbúðin [009] en Austan til við Mýrarhús [010] var Búðartjörnin." segir í örnefnaskrá. Öllu landslagi frá tjörninni að sjónum hefur verið umbylt með stórum sjóvarnargarði og því engin leið að sjá nákvæmlega hvar lending var. Lendingin var um 20 m norðvestur af meintri verbúð 009.

Grýtt fjara og erfitt að sjá út mögulega lendingarstaði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Vogar, 4, 12



GK128:042, garðlag.
Mynd tekin til norðausturs

GK-128:042 garðlag 63°59.356N 22°23.180V

Suðurendi garðlags sem liggur í beina línu til norðurs er um 170 m norðaustur af meintri verbúð 009. Garðurinn liggur beint áfram í 130 metra til norðurs og hverfa þar öll ummerki um hann.

Garðurinn er fast við vegaslóða (hitaveituveg að sögn heimildarmanns Ásu Árnadóttur), í grónu hrauni.

Garðurinn er um 130 m langur og á köflum nær 2 m breiður. Hann er ekki mjög hár, mest 0,3 m. Ekki er sjáanlegt hleðslugrjót í honum en spýtnadrasl og gaddavír er niðurtroðin í garðinum. Hleðslan er of breið til að hafa upprunalega verið hlaðin undir girðingu (að mati skrásetjara) og verður að teljast líklegra að gaddavírsgirðing hafi verið sett ofaná eldra garðlag. Garðurinn fjara út í báða enda og gæti hafa verið lengri. Hvaða hlutverk garðurinn hefur upprunalega haft er ekki ljóst, ef til vill hefur hann verið merkjagarður frá Grænuborg eða eldri túngarður þaðan.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



GK128:043, óþekktar grjóthrúgur, mynd tekin til norðurs

GK-128:043 dys óþekkt
63°59.440N 22°23.171V

Um 60 m norðvestur af norðurenda garðlags 042 eru tvær grjóthrúgur. Ekki tókst að afla upplýsinga um hlutverk þeirra en mögulegt er að hrúgurnar séu aðeins upphleðslur af eldra hleðslugrjóti.

Grjóthrúgurnar eru á nokkuð sléttum grasbala, hraun gægist þar uppúr sverði.

Syðri hrúgan er um 2 m á hæð og 2 m að þvermáli. Nokkur mosi er á steinunum en þetta þurfa þó ekki að vera gömul mannvirki. Um 1 m er á milli grjóthrúganna. Nyrðri hrúgan er minni, aðeins 1,2 m á hæð og um 1,5 m að þvermáli.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-128:044 tóft óþekkt



GK128:044, tóft, mynd tekin til norðurs


65°59.501N 22°23.037V

Um 75 m ASA af Vatnsskiersbúðum, 028, eru mjög ógreinilega hleðsluleifar.

Hleðslan er uppi á grónu lágu holti. Umverfis er mosagróið hraun.

Tvískipt tóft sem snýr norður-suður, og er alls 15 x 5 m á stærð. Að norðanverðu er stórt grjóthlaðið hólfi. Op hefur verið á því syðst á vesturvegg. Beint suður þessu hólfi eru ógreinilegar leifar af hleðslum, annars vegar er þar 2 m langur veggstubbur (norður-suður) og hins vegar, suður af honum, annar veggstubbur nokkuð lengri. Hann snýr austur-vestur og er um 5 m langur. Hleðsluhæð er mest 1 umfar, eða 0,2 metrar. Þessi ummerki eru fremur óljós en afar líklegt verður að telja að þarna séu leifar einhvers konar mannvirki, þó óljós séu þau.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



GK-128:044, óþekkt tóft

Hnit minjastaðanna (sem reyndust innan skipulagsreits) í landhnitakerfi (ISN93):

Númer minjastaðar	X-hnit	Y-hnit
GK-128:009	334216.9	391608.27
GK-128:010	334208.61	391518.13
GK-128:021A	334250.03	391903.73
GK-128:021B	334244.71	391886.96
GK-128:021C	334228.93	391877.3
GK-128:021D	334205.85	391957.77
GK-128:021E	334200.33	391931.14
GK-128:021F	334190.86	391939.82
GK-128:021G	334190.47	391944.16
GK-128:021H	334200.13	391938.44
GK-128:021I	334204.67	391953.43
GK-128:021J	334249.24	391941.2
GK-128:021K	334252.79	391845.34
GK-128:021L	334201.71	391929.17
GK-128:021M	334297.76	391922.46
GK-128:021N	334302.3	391933.51
GK-128:021Q	334309.8	391952.64
GK-128:021R	334284.75	391932.32
GK-128:021S	334218.28	391997.02
GK-128:021T	334240.17	392000.96
GK-128:021X	334365.22	391880.45
GK-128:021Y	334343.13	391858.76
GK-128:022	334243.33	391825.82
GK-128:028	334399.73	392051.85
GK-128:029	334392.44	392080.65
GK-128:030	334395.79	392071.18
GK-128:031	334402.1	392056.98
GK-128:033	334392.04	391848.7

GK-128:038	334451.41	391808.46
GK-128:039	334496.77	391564.88
GK-128:040	334401.9	391547.72
GK-128:041	334204.47	391631.94
GK-128:042A	334305.26	391761.91
GK-128:042B	334322.81	391795.64
GK-128:042C	334369.16	391877.3
GK-128:043	334327.74	391915.56
GK-128:044	334448.85	392022.86

Samantekt og niðurstöður

- Í þessari skýrslu er fjallað um fornleifakönnun sem gerð var á 29 ha skipulagsreit í landi Minni-Voga og Austurkots vegna deiliskipulags.
- Áður en vettvangsrannsókn hófst var gerð svæðisskráning (heimildaskráning) fyrir alla jörðina.
- Að svæðisskráningu, viðtölum við heimildamenn og vettvangsrannsókn lokinni kom í ljós að 16 fornleifar í landi Minni-Voga og Austurkots falla innan skipulagsreits.

- Samkvæmt fyrirbyggjandi tillögum eru eftirfarandi staðir innan/í jaðri skipulagsreits:

GK-128:009	<i>Verbúðin</i>	Þar eru heimildir um verbúð
GK-128:010	<i>Mýrarhús</i>	Þar eru heimildir um bæjarstæði
GK-128:020	<i>Hólkot</i>	Þar eru heimildir um bæjarstæði
GK-128:021	<i>Grænuborg</i>	Þar eru miklar tóftir og garðlög
GK-128:022	<i>Grænuborgarstígur</i>	vegaslóði
GK-128:028	<i>Vatnsskersbúðir</i>	örnefni sem bendir til þess að þar hafi verið verbúð
GK-128:029		heimild um herslubyrgi
GK-128:030	<i>Djúpavogsvör</i>	heimild um lendingu
GK-128:031	<i>Vatnsskersbúðarvör</i>	heimild um lendingu
GK-128:033	<i>Grænuborgarrétt</i>	Þar er heilleg rétt
GK-128:038	varða	Nýleg varða
GK-128:039	varða	Nýleg varða
GK-128:040	tóft+garðlag	Þar er heillegur kálgarður og hæsnakofatóft
GK-128:041	<i>Búðavör</i>	heimild um lendingu
GK-128:042	garðlag.	Hlutverk þess er óþekkt.
GK-128:043	dys	Þar er óþekkt steinhrugald
GK-128:044	tóft	Þar er óþekkt tóft

- Sérstaklega þarf að hugsa að minjapýrpingu 128:021 – Grænuborg. Býlið var byggt árið 1881 á eldra bæjarstæði (Hólkot 020) og því eru minjarnar friðaðar. Bærinn og útihúsin voru byggð upp árið 1916. Þó þær minjar séu ekki orðnar 100 ára og því ekki friðaðar samkvæmt lögum eru þær miklar að vexti og þyrfti að rannsaka þær enn betur standi til að byggja íbúðarbyggð á því svæði.
- Það er Fornleifaverndar ríkisins að úrskurða um hvort fyrirhugað skipulag á svæðinu ógni

fornleifum og til hvaða aðgerða þurfi að grípa svo að Þjóðminjalögum sé fylgt á fullnægjandi hátt. Fornleifavernd ríkisins getur veitt heimild til þess að fornleifar verði látnar víkja vegna framkvæmda, að undangenginni rannsókn, eða þær huldar og setur skilmála þar að lútandi.

- Mikilvægt er að öll umferð, efnistaka og frávik frá fyrirbyggjandi tillögu um skipulag verði skoðuð með hliðsjón af upplýsingum um fornleifar á reitnum.
- Ekki er útilokað að fleiri minjar, en þær sem komið hafa fram við heimildaathuganir og vettvangskonun, leynist undir sverði á svæðinu.

Heimildir

Óprentaðar heimildir:

Örnefnastofnun Íslands:

Ö-Vogar: Örnefnaskrá Voga, án skrásetjara. Örnefnastofnun

Þjóðskjalasafn Íslands:

Túnakort 1919

Prentaðar heimildir:

JÁM: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín III. Kaupmannahöfn. 1913.

Jón Johnsen. *Jarðatal á Íslandi...* 1835-1845. Kaupmannahöfn. 1847.

Guðmundur björgvin Jónsson: *Mannlíf og mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi* [án útgáfustaðar] 1987

Heimildamaður:

Ása Árnadóttir ábúandi í Austurkoti

Þorvaldur Örn Árnason, Vogum

Minjakort



Loftmynd af skráningarsvæðinu, framkvæmdarsvæðin eru afmörkuð með svörtum ramma